

Breytingartillaga vegna texta í áfangaskjali¹

frá Eiríki Bergmanni

Lagt fram á 15. fundi Stjórnlagaráðs, 01.07.2011

KAFLI UM DÓMSVALDIÐ

5. gr. Skipun dómara

Breytingartillaga	Ákvæði eftir breytingu ²	Ákvæði í áfangaskjali/fyrirliggjandi tillögu
Orðlagið „að tillögu ráðherra“ bætist við í lok þriðju málsgreinar	<p>Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma.</p> <p>Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.</p> <p>Forseti Íslands skipar dómara eða setur þá í embætti og veitir þeim lausn, <u>að tillögu ráðherra.</u></p> <p>Tryggt skal með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embætta dómara.</p> <p>Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann hefur glatað skilyrði til að gegna embættinu eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast</p>	<p>Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótímabundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma.</p> <p>Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.</p> <p>Forseti Íslands skipar dómara eða setur þá í embætti og veitir þeim lausn.</p> <p>Tryggt skal með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embætta dómara.</p> <p>Dómara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann hefur glatað skilyrði til að gegna embættinu eða sinni ekki skyldum sem starfanum tengjast</p>

¹ Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

² Grænt letur og undirstrikað gefur til kynna breytingu eða viðbót miðað við fyrirliggjandi texta.